

15

9. febr.

a-liður 24. gr. laganna orðist svo:

2. gr.

Skipið skal ávallt greiða gjald það, sem nefnt er í 23. gr., svo og kostnað við flutning út í skipið og í land aftur. Einnig aukreitis jafnhátt gjald til læknis fyrir skoðunargerð hans, ef hann er tilkvaddur samkvæmt lögum þessum, enn fremur fyrir ferð hans eða ferðir út í skipið samkvæmt gjaldskrá héraðslækna, svo og flutningskostnað hans og dagpeninga samkvæmt sömu gjaldskrá, ef þörf gerist að hann sé sóttkvíaður vegna skoðunargerðarinnar, þangað til þeirri sóttkvíun er lokið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 9. febrúar 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

16

9. febr.

L Ö G

um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Akureyrar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Bæjarstjórn Akureyrar lætur mæla allar lóðir og lönd innan takmarka kaupstaðarlóðar Akureyrar og gera nákvæman uppdrátt af þeim.

Það, sem ákveðið er í eftirfarandi greinum um lóðir, gildir einnig um önnur lönd í kaupstaðarlóðinni.

2. gr.

Mælikvarði uppdráttarins skal ekki vera minni en 1:500. Skal uppdrátturinn sýna greinilega takmörk hverrar lóðar og afstöðu til nágrannalóða og grunnflöt húsa þeirra og mannvirkja, sem á lóðinni eru.

3. gr.

Bæjarstjórnin felur verkfræðingi eða ræður mann til að mæla lóðirnar og gera uppdrátt af þeim. Mælingamanni og aðstoðarmönnum hans er frjáls umferð um lóðir manna, meðan á mælingunni stendur, og skulu eigendur lóða eða umboðsmenn þeirra skyldir að láta þeim í té þær upplýsingar, er þeir æskja og þurfa til þess að geta framkvæmt starf sitt.

Áður en mælingamaður ákveður merki lóðar, skal hann gera eiganda hennar eða umboðsmanni hans, svo og eigendum nágrannalóða eða umboðsmönnum, ef kunnugt er um þá, enda séu þeir heimilisfastir á Akureyri eða þar staddir, viðvart með 3 sólarhringa fyrirvara um það, hvenær merki verði ákveðin. Er þeim rétt að sækja merkjastefnu, er halda skal á lóðinni, og segja mælingamanni til um lóðamörk. Ef menn verða ásáttir um lóðamörk, getur mælingamaður þess í dagbók sinni, enda er hún og þá lóðamerkjabók, ef þeim ber saman, lögsönnun fyrir stærð og legu lóðar.

Nú sækja eigendur lóða eða umboðsmenn þeirra eigi merkjastefnu, hvort sem 16 því veldur, að eigi er kunnugt um þá, þeir eru fjarverandi eða neyta eigi réttar síns 9. febr. til að vera þar við, og ákveður mælingamaður þá merki eftir skýrslum þeirra lóðaeigenda, sem stefnuna hafa sótt, eða umboðsmanna þeirra, og öðrum gögnum.

Eigendur og umboðsmenn lóða, er eigi hafa sótt merkjastefnu, geta, ef þeir vilja eigi hlíta merkjasetningu, gert mælingamanni, innan 4 vikna eftir merkjastefnu, viðvart, og fer um dómsvald á ágreiningi lóðarmerkja, þegar svo stendur á, eftir lögum þessum.

4. gr.

Bæjarstjórnin löggildir bók, sem nefnist lóðamerkjabók. Skal mælingamaður rita í hana lýsingu á merkjum hverrar lóðar og setja hjá eftirrit af aðaluppdrættinum yfir lóðina og mörk hennar, ef honum þykir þurfa til skýringar, eða ef ágreiningur er um merki. Í hana skal rita stærð lóða, byggðra og óbyggðra. Mælingamaður, lóðareigandi eða umboðsmaður hans og eigendur nágrannalóða eða umboðsmenn þeirra skulu undirskrifa lýsinguna, en rétt er lóðaeigendum að gera fyrirvara um ágreining, ef samkomulag fæst ekki um merkin, og skal þá sýna á eftiritinu af uppdrættinum svo greinilega sem unnt er, hvað milli ber um merkin. Mælingamaður getur þess þó jafnframt, hvora merkjalínuna hann telur réttari, eða geti hann á hvoruga fallizt, hvar hann telur merki réttast eftir öllum atvikum.

5. gr.

Þegar lokið er merkjasetningu og mælingu allra lóða og landa á kaupstaðarlóðinni, skal bæjarstjórnin láta skrásetja allar lóðir og lönd með framhaldandi númerum í bók, sem þar til er löggilt af ráðherra.

6. gr.

Í lóðaskrána og á aðaluppdráttinn skal jafnóðum rita breytingar þær, er verða á lóðum og húsum, og skipar bæjarstjórnin lóðaskrárritari til þess starfs. Ráðherra setur reglugerð, eftir tillögum bæjarstjórnar, um skyldur og störf lóðaskrárritara.

7. gr.

Þá er merkjastefnu er lokið, má eigi þinglýsa skjali eða skjölum um eigendaskipti að lóð eða hluta af lóð, nema mælingamaður eða lóðaskrárritari hafi ritað vottorð sitt á skjalið eða skjölin um það, að eigendaskiptanna sé getið í lóðamerkjabók eða lóðaskrá.

Ef skrásettri lóð er skipt í hluta, tvo eða fleiri, má eigi þinglýsa skjali eða skjölum um skiptinguna, nema því eða þeim fylgi vottorð byggingarnefndar um samþykki hennar á skiptingunni.

8. gr.

Lóðaskrárritari lætur þeim, er þess óska, í té staðfest eftirrit úr skránni og einnig af uppdrætti lóðarinnar. Fyrir slík eftirrit og fyrir vottorð samkvæmt 6. gr. svo og fyrir önnur störf, er lóðaskrárritari vinnur fyrir einstaka menn, skal greiða gjald í bæjarsjóð Akureyrar samkvæmt gjaldskrá, er ráðherra setur eftir tillögum bæjarstjórnar.

9. gr.

Bæjarstjórnin getur á sama hátt látið skrásetja og mæla lóðir og lönd utan kaupstaðarlóðarinnar, en innan lögsagnarumdæmisins, er þá færast á aukaskrá. Um aukaskrána gilda hin sömu ákvæði sem hér að framan eru sett um aðalskrána, en mælikvarði uppdráttar, sbr. 2. gr., má þó vera minni.

16

9. febr.

Allur kostnaður við mælingu og skrásetningu lóða greiðist úr bæjarsjóði, sbr. þó 13. gr.

11. gr.

Úr öllum þrætum um merki lóða sker merkjadómur.

Bæjarfógetinn á Akureyri er formaður merkjadóms. Auk þess er dómur skipaður tveimur meðdómsmönnum, sem merkjadómsmenn heita. Þeir skulu vera að minnsta kosti 30 ára að aldri, hafa óflekkað mannorð, vera lögráðir og fjár síns ráðandi og vera búsettir á Akureyri. Annan hinna tveggja merkjadómsmanna skipar hæstiréttur, en bæjarstjórn Akureyrar hinn. Á sama hátt skulu skipaðir tveir varamenn. Varamaður tekur sæti í dómnum, ef aðalmaður deyr, eða forfallist sá, sem hann er varamaður fyrir. Merkjadómsmenn skulu skipaðir til 4 ára í senn. Það er borgaraskylda að taka við skipun í merkjadóm eitt kjörtímabil í senn.

12. gr.

Merkjadómsmaður skal, áður en hann tekur fyrsta sinn til starfa, undirrita drengskaparheit um það, að hann skuli gegna starfanum með samvitzkusemi og óhlutdrægni í hvívetna.

13. gr.

Formaður dómsins ákveður þóknun merkjadómsmanna, og greiðist hún úr ríkissjóði. Ákvörðun hans um þóknun getur bæði merkjadómsmaður og dómsmálaráðherra kært samkvæmt 199. gr. laga nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

14. gr.

Um málsmeðferð fyrir merkjadómi, málskostnað og fleira, skal, eftir því sem því verður við komið, farið eftir ákvæðum laga nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 9. febrúar 1951.

Sveinn Björnsson,

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

17

10. febr.

L Ö G

um Náttúrugripasafn Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í Náttúrugripasafni Íslands skulu vera þrjár deildir: Dýrafræðideild, grasafræðideild og jarðfræði- og landfræðideild.

2. gr.

Aðalhlutverk Náttúrugripasafnsins er:

1. að víða að sér sem fullkornustu safni islenskra náttúrugripa og varðveita það;
2. að afla erlendra náttúrugripa, eftir því sem heppilegt þykir og aðstæður leyfa;